

dóms þessa í 1. eða 2. tbl. „Nýs lands“, sem út kemur eftir lögbirtingu dómsins, sbr. 22. gr. laga nr. 57/1956.

Eftir atvikum þykir rétt, að stefndi greiði stefnendum óskipt kr. 45.000 í málskostnað.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ummæli, sem birtust í 4. tbl. „Nýs lands“ 1974 og talin eru í stefnu undir II. B. og C., skulu dauð og ómerk.

Stefnda, Garðari Víborg, skal skylt að sjá um, að forsendur og niðurlag dóms þessa verði birt í 1. eða 2. tbl. „Nýs lands“, sem út kemur eftir lögbirtingu dóms þessa. Stefndi, Garðar Víborg, skal greiða stefnendum, Bjarna Helgasyni, Birni Stefánssyni, Hreggviði Jónssyni, Jónatan Þórmundssyni, Ólafi Ingólfssyni, Stefáni Skarphéðinssyni, Unnari Stefánssyni, Þorsteini Sæmundssyni, Þorvaldi Búasyni, Þór Vilhjálmssyni, Ragnari Ingimarssyni og Valdimar J. Magnússyni, óskipt kr. 45.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

---

Mánudaginn 28. nóvember 1977.

Nr. 9/1976.

**Aðalheiður Tryggvadóttir**

(Vilhjálmur Árnason hrl.)

gegn

**Agnari Tryggvasyni**

**Helgu Tryggvadóttur og**

**Ólafi St. Sigurðssyni setuskiptaráðanda**

**f. h. dánarbús Tryggva Siggeirssonar**

(Ólafur Þorgrímsson hrl.).

Erfðamál. Skipti. Óskilgetin börn.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 9. janúar 1976, að fengnu áfrýjunarleyfi 8. s. m. Krefst hún þess, að dánarbú hjónanna Tryggva Siggeirssonar og Láru Guðlaugsdóttur, sem bjuggu á Smiðjustíg 4 í Reykjavík, verði tekið til opinberra skipta skv. 4. gr. skiptalaga nr. 3/1878 og að viðurkenndur verði erfðaréttur sinn í dánarbúi Tryggva Siggeirssonar. Hún krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti óskipt úr hendi stefndu.

Stefndu gera þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur að niðurstöðu til og sér verði dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, 60.000 krónur.

#### D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Aðalheiður Tryggvadóttir, greiði stefndu, Agnari Tryggvasyni, Helgu Tryggvadóttur og Ólafi St. Sigurðssyni setuskiptaráðanda f. h. dánarbús Tryggva Siggeirssonar, málskostnað fyrir Hæstarétti, 60.000 krónur, að viðlagðri aðför að lögum.

#### Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 7. október 1975.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 29. f. m. að loknum munnlegum málflutningi, gerir sóknaraðili, Aðalheiður Tryggvadóttir, Barónsstíg 59, Reykjavík, þær dómkröfur, að dánarbú hjónanna Tryggva Siggeirssonar og Láru Guðlaugsdóttur, sem bjuggu að Smiðjustíg 4, Reykjavík, verði tekið til opinberra skipta skv. 4. gr. skiptalaga nr. 3/1878 og að viðurkenndur verði erfðaréttur hennar eftir Tryggva Siggeirsson, föður hennar, við arfskipti dánarbúsins til jafns við varnaraðilja, hjónabandsbörn hans. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar úr hendi varnaraðilja in solidum.

Varnaraðiljar, Helga Tryggvadóttir, Smiðjustíg 4, Reykjavík, og Agnar Grétar Tryggvason, Hnúki, Klofningshreppi, Dalasýslu, gera þær dómkröfur, að erfðaaðild sóknaraðilja í dánarbú Tryggva

Siggeirssonar verði vísað á bug sem rangri og ósannaðri og jafnframt verði synjað kröfu sóknaraðilja um opinber skipti dánarbús Tryggva Siggeirssonar og Láru Guðlaugsdóttur. Þá krefjast varnaraðiljar málskostnaðar úr hendi sóknaraðilja að mati dómsins.

Tildrög máls þessa eru þau, að með bréfi til skiptaráðanda í Reykjavík, dags. 18. ágúst 1969, óskaði Vilhjálmur Árnason hæstaréttarlögmaður eftir því f. h. sóknaraðilja, að dánarbú föður hennar, Tryggva Siggeirssonar, Smiðjustíg 4, Reykjavík, yrði tekið til skipta samkvæmt 4. gr. skiptalaga nr. 3 frá 1878, eins og segir í bréfinu.

Ofangreind beiðni var tekin fyrir í þinghaldi 23. september 1969, og lagði sóknaraðili þá fram greinargerð og nokkur önnur skjöl. Af hálfu dánarbúsins var sótt þing og því lýst yfir af lögmanni þess, „að þar sem engar sannanir séu fyrir því hér í réttinum, að frú Aðalheiður, sem telur sig Tryggvadóttur, eigi rétt á nokkrum arfi úr þessu dánarbúi, þá krefjast hann þess, að málinu verði vísað frá skiptaréttinum og jafnframt málskostnaðar.“

Þar sem upp var kominn ágreiningur um kröfu sóknaraðilja var ákveðið að stofna til sérstaks skiptaréttarmáls til úrlausnar honum. Var varnaraðili talinn dánarbú Tryggva Siggeirssonar. Að framlagðri greinargerð af hálfu varnaraðilja og aðiljaskýrslu sóknaraðilja var frávisunarkrafan sótt og varin og henni hafnað með úrskurði, uppkveðnum 30. janúar 1970. Þar sem þeim úrskurði var eigi skotið til Hæstaréttar, gekk málið áfram til frekari meðferðar. Eftir allviðamikla gagnaöflun, þ. á m. aðilja- og vitnafirheyrslur, var málið tekið til munnlegs flutnings 17. apríl 1972. Úrskurður var upp kveðinn 6. maí 1972 og var á þá leið, að kröfu sóknaraðilja var synjað og málskostnaður felldur niður. Sóknaraðili vildi ekki una úrskurðinum og áfrýjaði til Hæstaréttar. Með dómi Hæstaréttar 14. mars 1974 var hinn áfrýjaði úrskurður felldur úr gildi. Segir svo m. a. í dómi Hæstaréttar: „Samkvæmt gögnum máls og úrskurði skiptaráðanda er varnaraðili um framangreinda kröfu áfrýjanda dánarbú Tryggva Siggeirssonar. Ekki verður séð, að skiptaráðandi hafi kannað það sérstaklega, hver væri afstaða einstakra erfingja Tryggva til arfskröfu áfrýjanda. Verður m. a. ekki ráðið af gögnum málsins, að erfinginn Agnar Tryggvason hafi nokkru sinni verið inntur eftir viðhorfi sínu til erfðatilkalls áfrýjanda. Þeir erfingjar í búinu, sem mótmæla vildu kröfum áfrýjanda, áttu að réttu lagi að vera varnaraðiljar í máli þessu. Viðhorf þeirra var ekki kannað á viðhlít-

andi hátt, svo sem áður segir. Ber því að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi.“

Tryggvi Siggeirsson, Smiðjustíg 4, Reykjavík, lést 14. mars 1967. Ekkja hans, Lára Guðlaugsdóttir, fékk hinn 19. september 1967 leyfi til setu í óskiptu búi með tveimur fjárráða börnum þeirra, varnaraðiljum málsins. Lára andaðist 17. mars 1972.

Eftir uppkvaðningu ofanefnds dóms Hæstaréttar var boðað til skiptafundar í dánarbúi Tryggva Siggeirssonar og Láru Guðlaugsdóttur hinn 17. maí 1974. Sóttu fundinn umboðsmenn málsaðilja og gerðu kröfur í sömu átt og greint er hér í upphafi. Var ákveðið að stofna til sérstaks skiptaréttarmáls í því horfi, sem mál þetta nú er í. Með úrskurði þennan sama dag vék Friðjón Skarphéðinsson yfirborgarfégeti sæti í málinu ex officio. Með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 14. júní 1974, var undirritaður skipaður setuskiptaráðandi í málinu.

Af hálfu aðilja hafa verið lögð fram öll þau sömu skjöl og áður voru lögð fram, þ. á m. endurrit aðilja- og vitnaleiðslna, svo og til viðbótar endurrit þinghalda frá því úrskurðurinn var upp kveðinn hinn 6. maí 1972. Undir rekstri málsins nú hafa aðiljar sjálfir lýst viðhorfi sínu til málsins fyrir dómi.

Verður nú lýst málavöxtum og málsútlitum aðilja samkvæmt skjölum og gögnum málsins.

Sóknaraðili kveður það vera höfuðatriði málflutnings síns, eins og málið sé hér lagt fyrir, að sanna eigi rétt barns til föðurarfs, feðraðs í fullu samræmi við löggjöf síns tíma, þ. e. N. L. 6-13-5.

Málavexti kveður sóknaraðili þessa: Lilja Brandsdóttir, Grettisgötu 8 í Reykjavík, fædd 22. maí 1889 í Króki í Hraungerðis-hreppi, eignaðist hinn 10. nóvember 1912 dóttur, sem skírð var af presti fríkirkjusafnaðarins í Reykjavík hinn 24. febr. 1913 og fékk nafnið Aðalheiður. Við skírnina lýsti Lilja föður að barninu Tryggva Siggeirsson, Laugavegi 13, Reykjavík, fæddan 19. júní 1892, og var faðernið bókað þannig í prestþjónustubókina. Síðan hefur Aðalheiður ávallt nefnt sig og verið nefnd af öðrum Tryggvadóttir, þar á meðal í manntölum öllum og nú í þjóðskrá skv. lögum nr. 54/1962. Tryggvi Siggeirsson andaðist 14. mars 1967 og lét eftir sig ekkju, Láru Guðlaugsdóttur, og hjónabandsbörn. Lára fékk leyfi til setu í óskiptu búi hinn 19. september 1967 ásamt börnum sínum, Helgu og Agnari, varnaraðiljum málsins. Hún andaðist 17. mars 1972.

Í málinu liggur fyrir svohljóðandi aðiljaskýrsla sóknaraðilja:  
„Ég hefi frá öndverðu talið það sjálfsagt mál og engum vafa

undirorpið, að faðir minn væri Tryggvi Siggeirsson, Laugavegi 13, Reykjavík. Var það fyrst eftir að hann féll frá, að mér varð ljóst, að mótmæli kynnu að verða höfð uppi í því sambandi. Því hugkvæmdist hvorki mér né öðrum að gera ráðstafanir, er gerðu slík mótmæli óhugsandi. Hefði þær ráðstafanir þurft að gera, meðan viðkomandi aðilar voru enn á lífi.

Frá því ég man fyrst eftir, voru þau föðurforeldrar mínir, Siggeir Torfason og Helga Torfason, mér ákaflega góð, og var ég ætíð velkomin á heimili þeirra. Þau sendu mér alltaf jóla- og afmælisgjafir.

Pegar spanska veikin 1918 lagði móður mína fárveika í rúmið, kom Helga, amma mín, á hverjum degi til þess að hlúa að henni, og þakka ég henni, að móðir mín komst á fætur aftur.

Ég get einnig getið þess, að eftir að ég stálpaðist, var það um langan tíma, að ég fór á hverjum sunnudegi til frændfólks míns á Laugavegi 13 og dvaldist þar eftirmiðdaginn allan.

Mörg fleiri dæmi gæti ég rakið, sem sýna, að ég var tekin sem ein af fjölskyldunni.

Því hefi ég drepíð á þessi atriði, að það e. t. v. skýrir hvers vegna ég var aldrei í vafa um faðerni mitt og tel sjálfsagt mál, að faðir minn, Tryggvi Siggeirsson, hafi alla tíð vitað, að ég var skírð og skrifuð hans dóttir.“

Af hálfu sóknaraðilja hefur verið lagt fram fæðingarvottorð og skírnarvottorð úr Fríkirkjubók og endurrit fréttaklausu úr Morgunblaðinu. Þessi skjöl hljóða svo:

„Nr. 17 10/11 1912. Aðalheiður. Móðir Lilja Brandsdóttir, Grettisgötu 8, hún 23 ára. Lýstur faðir Tryggvi Siggeirsson verslunarmaður, Laugavegi 13. Ljós móðir Jóhanna Þorsteinsdóttir. Skírnarvottar: Sveinn Einarsson, Kristján Snorrason.“

„Fæðingarvottorð: Hér með vottast, að Aðalheiður Tryggvadóttir er fædd 10. nóv. 1912, skírð 24. febrúar 1913. Fæðingarstaður, Reykjavík. Foreldrar Tryggvi Siggeirsson og Lilja Brandsdóttir.“

„Morgunblaðið, 20. júní 1936.

*Hjúskapur.* Í dag verða gefin saman í hjónaband af síra Árna Sigurðssyni ungrú Aðalheiður Tryggvadóttir, Siggeirssonar kaupmanns, og Dagbjartur Bjarnason, Grímssonar frá Stokkseyri. Heimili ungu brúðhjónanna verður á Barónsstíg 59“.

Í málinu liggja fyrir vitnaskýrslur ýmissa manna, og verður nú rakið það helsta úr þeim.

Ásbjörn Ólafsson stórkaupmaður hefur borið vitni í málinu.

Samkvæmt framlögðu vottorði hans lýsir hann því yfir, að hann telji, að Tryggvi Siggeirsson, Smiðjustíg 4, Reykjavík, hafi alltaf vitað, að Aðalheiður Tryggvadóttir, Barónsstíg 59, Reykjavík, hafi skrifað sig dóttur hans. Í vitnaskýrslu sinni ber hann, að hann hafi þekkt Tryggva Siggeirsson frá því, að hann var ungur, og tekur fram, að móðir hans og Helga Torfason, móðir Tryggva, hafi verið aldavinkonur og hafi hann og fjölskylda hans átt heima á Grettisgötu 26, en hin fjölskyldan á Laugavegi 13. Varðandi kynni hans af sóknaraðilja ber Ásbjörn, að Jón Grímsson, sem nú vinni hjá honum, sé stjúpfaðir hennar og hafi hann gifst móður stúlkunnar, þegar stúlkan var ung, og hafi verið náinn kunningskapur milli fjölskyldu hans og fjölskyldu Jóns og hafi hann vitað, að stúlkan væri kölluð Tryggvadóttir og væri kennd við Tryggva Siggeirsson. Þá kvað Ásbjörn, að Tryggvi heitinn hafi sjálfur látið í ljós, svo hann heyrði, að sóknaraðili væri dóttir hans, og skýrði frá eftirfarandi: „Eitt sinn sat hann og Tryggvi heitinn á veitingastað hér í bæ og voru að drekka úr einni vínflösku. Kom þá framangreindur Jón Grímsson til þeirra og var að leita að honum. Sagði Tryggvi þá sem svo: Blessaður gefðu honum að smakka á víninu og bjóddu honum að setjast, því hann hefur alltaf verið svo góður við stelpuna mína.“ Viðtal þetta kvað hann hafa farið fram fyrir um 30 árum. Einnig ber Ásbjörn, að hann hafi heyrt, að Helga Torfason hafi alltaf greitt meðlag með Aðalheiði. Ekki kvaðst hann hafa vitað um, hvort Tryggvi og Aðalheiður hafi umgengist hvort annað né hvort Lára, eiginkona Tryggva, hafi umgengist Aðalheiði.

Siggeir Einarsson, Grettisgötu 92 hér í borg, hefur einnig gefið vottorð um, að hann telji, að Tryggvi Siggeirsson hafi alltaf vitað, að sóknaraðili hafi skrifað sig dóttur hans. Í vitnaskýrslu sinni sagði Siggeir, að árið 1923 hafi hann búið í sama húsi og fjölskylda Aðalheiðar að Njálsgötu 4 um eins árs skeið og hafi hún þá verið 11 ára gömul og hafi hann þekkt hana síðan og að stúlkann hafi alltaf verið kölluð Aðalheiður Tryggva, og kvaðst hann hafa vitað, að hún væri kennd við Tryggva Siggeirsson. Ekki kvaðst hann vita til, að stúlkan hafi verið nefnd svo, þegar nefndur Tryggvi hafi verið viðstaddur, og vissi ekki til, að hann hafi komið inn á heimili Aðalheiðar. Þá kvaðst Siggeir hafa vitað til, að Aðalheiður hafi fengið jóla- og afmælisgjafir frá Helgu Torfason, Laugavegi 13, og hafi verið talað um, að gjafirnar væru frá ömmu stúlkunnar. Siggeir hafði vitneskju þessa aðeins af frásögn heimilisfólksins. Loks kvaðst hann eitt sinn hafa spurt Tryggva

heitinn um, hvort hann væri faðir Aðalheiðar, en hann hafi ekki svarað því neinu.

Árni Tómasson hreppstjóri, Stokkseyri, hefur vottað, að hann hafi þekkt Lilju Brandsdóttur og dóttur hennar, Aðalheiði Tryggvadóttur, og að hann hafi aldrei heyrt annað en að Aðalheiður væri dóttir Tryggva Siggeirssonar verslunarmanns hjá Kristjáni Siggeirssyni. Í vitnaskýrslu sagði Árni, að Kristján Siggeirsson, bróðir Tryggva, hafi verið á sumrum á Reyðarvatni í Rangárvallahreppi, þegar hann var unglingur, en Tryggvi hafi verið á Barkastöðum í Fljótshlíð á sumrum. Reyðarvatn var þá heimili vitnisins og fjölskyldu hans. Árni kvaðst síðan hafa þekkt þessa bræður og að hann komi oft til Kristjáns, þegar hann sé hér á ferð. Þá kvað hann Lilju Brandsdóttur hafa verið kaupakonu á Reyðarvatni, þegar hún hafi verið ung stúlka, en þá hafi hann verið farinn að heiman. Þá skýrði Árni svo frá, að Lilja Brandsdóttir hafi verið til heimilis í Hraunprýði árið 1913, en þá var hann á Stórahrauni í Eyrarbakkahreppi, og kynntist hann Lilju þá og hafi þekkt hana síðan. Þá sagði hann, að Reyðarvatnsfólkið hafi að jafnaði gist hjá Helgu og Siggeir Torfasyni. Aðspurður kvaðst Árni ekki hafa heyrt neinn af fjölskyldu Tryggva tala um, svo að hann heyrði, að Aðalheiður væri dóttir Tryggva. Hins vegar kvaðst hann hafa heyrt, að Helga, móðir Tryggva, hafi greitt meðlag með Aðalheiði.

Í málinu liggur fyrir bréf frá Ágúst Þorvaldssyni bónda, fyrrum alþingismanni, til sóknaraðilja. Þar kemur fram, að Ágúst var uppalinn að nokkru leyti hjá móðurforeldrum sóknaraðilja á Eyrarbakka og var þar til ársins 1916, en þá fluttu hjónin til Reykjavíkur, og fór Ágúst þá frá þeim. Þá segir þar:

„Veturinn 1911—12 var hún (þ. e. Lilja Brandsdóttir) í Reykjavík. Ekki þori ég að fullyrða neitt um það, hvar hún var þar, hvort það var hjá Siggeir Torfasyni kaupmanni eða annarsstaðar, en á þessum vetri varð hún þunguð og síðan komst þú í heiminn. Föður að barni sínu nefndi hún Tryggva Siggeirsson, kaupmanns Torfasonar, en hann mun þá hafa verið piltur um tvítugt. Það minnir mig, að ég heyrði, að Tryggvi hafi verið tregur til að gangast við faðerni barnsins fyrst, en þó mun hann þegar á herti hafa viðurkennt að vera faðir þinn.“ Einnig segir þar:

„Flest af því, sem gerðist í lífi mínu á þessum árum, er nú fallið í gleymsku hjá mér, en þó man ég glögg, að Helga, móðir Tryggva Siggeirssonar, kom í Hraunprýði til þess að finna þig og færa þér einhverjar gjafir, og stundum komu til þín sendingar frá henni,

sem vöktu gleði og voru vel þagnar á fátæku heimili. Varla hefði Helga sýnt þér slíka ræktarsemi, ef hún hefði talið leika vafa á um það, að þú væri sonardóttir hennar. Til þess liggur sérstök ástæða, sem ekki kemur þessu máli við, hvað mér er alltaf vel í minni, þegar Helga kom til okkar í Hraunprýði á Eyrarbakka og sé hana jafnan fyrir mér: þéttvaxna fyrimannlega og skörulega konu komna að því er mér finnst nokkuð yfir miðjan aldur. Man ég, að þessi heimsókn Helgu var Guðnýju ömmu þinni til gleði og að hún var mjög þakklát fyrir þá umhyggju og ræktarsemi, er heimsókn þessi bar vott um, en þá var það ekki lítil fyrirhöfn og óþægindi fyrir roska konu að ferðast frá Reykjavík til Eyrarbakka.

Aldrei heyrði ég nokkurn mann halda því fram, að móðir þín, sú mikla sæmdarkona, hefði rangfeðrað þig. Slíkt held ég, að allir, sem hana þekktu, hefðu talið óhugsandi.“

Loks segir Ágúst í bréfinu, að hann viti ekki, hvort faðir sóknaraðilja, Tryggvi Siggeirsson, eins og það er orðað, hafi greitt hluta uppeldiskostnaðar hennar, en vísar henni til Jóns Grímssonar, stjúpa hennar, þar um. Þetta bréf hefur Ágúst staðfest fyrir dóminum.

Ofannefndur Jón Grímsson hefur staðfest eftirfarandi vottorð.

„Ég undirritaður Jón Grímsson, stjúpfaðir Aðalheiðar Tryggvadóttur, lýsi því yfir, að þau hjónin Helga og Siggeir Torfason, Laugavegi 13, Reykjavík, greiddu meðlag með nefndri Aðalheiði og sýndu henni og móður hennar, Lilju Brandsdóttur, sérstaka velvild og umhyggju, sem þau meðal annars sýndu í verki með því að koma í fermingarveislu Aðalheiðar og gefa henni veglega gjöf.“

Í staðfestu vottorði Hróbjarts Bjarnasonar, mágs sóknaraðilja, segir, að hann telji, að Tryggvi Siggeirsson hafi alltaf vitað, að Aðalheiður hafi skrifað sig dóttur hans. Þá segir m. a. í vitna-skýrslu hans, að þeir Tryggvi hafi verið góðir kunningjar og í samtölum þeirra aldrei komið annað fram en að Aðalheiður væri dóttir hans og hafi Tryggvi sagt honum, að hann hefði lifað með Lilju Brandsdóttur, og kveðst Hróbjartur hafa tekið það þannig, að þá hefði Aðalheiður getað verið getin.

Hjalti Geir Kristjánsson framkvæmdastjóri hefur borið vitni í málinu. Hann er bróðursonur Tryggva Siggeirssonar. Í skýrslu hans segir m. a., að hann og sóknaraðili séu málkunnug og að hann hafi litið á hana sem frænku sína. Segir hann, að þetta hafi verið álitnið innan sinnar fjölskyldu og hafi verið talað um, að Aðal-

heiður líktist í þessa fjölskyldu og þá sérstaklega fjölskyldu Tryggva heitins.

Sigríður Siggeirsdóttir og Lára Siggeirsdóttir, systur Tryggva Siggeirssonar, hafa gefið skýrslur fyrir dóminum. Þeim ber saman um það, að Tryggvi hafi aldrei viljað gangast við faðerni Aðalheiðar og ekki borgað neitt meðlag með henni. Segjast þær báðar hafa álitnið, að Tryggvi væri faðir hennar og lítið á hana sem bróðurdóttur sína.

Í málinu liggja fyrir aðiljaskýrslur af hálfu beggja varnar- aðilja og vitnaskýrslur af hendi Láru Guðlaugsdóttur, móður þeirra, og Láru Þorsteinsdóttur, eiginkonu Agnars Tryggvasonar.

Enginn þeirra sagðist þekkja sóknaraðilja neitt eða yfirleitt hafa vitað nokkuð um hana, fyrr en þá eftir að Tryggvi var látinn, og aldrei hafði hún komið á heimili Tryggva, og Helga bar, að hún vissi ekki til, að sóknaraðili hafi nokkurn tíma komið á heimili Siggeirs Torfasonar og Helgu Torfason á Laugavegi 13. Frú Lára sagði, að maður hennar hefði aldrei minnst á það, að hann ætti óskilgetið barn, og aldrei hafi verið á það minnst á þeirra heimili, enda hefði hann ekki greitt meðlag með neinu slíku barni.

Í málinu hefur af hendi sóknaraðilja verið lagt fram póstkort, stílað til hennar, undirritað þín amma, svo og ljósrit úr reikningum Fríkirkjusafnaðarins í Reykjavík frá árunum 1912 og 13, þar sem nafn Helgu Torfason, móður Tryggva Siggeirssonar, er undirritað. Sóknaraðili hefur með framlagningu þessara skjala og greinargerðar um rithendur á þeim viljað færa rök að því, að Helga Torfason hafi viðurkennt sóknaraðilja sem barnabarn sitt, og hefur í því skyni leitast við að sanna, að Helga hafi skrifað á nefnt póstkort. Í þeim tilgangi fékk sóknaraðili dómkvadda tvo skoðunar- og matsmenn 26. nóvember 1970, en þeir skiluðu engu álitni, þar sem þeir töldu rithandarsýnishornin ekki nægileg. Þá leitaði sóknaraðili til tveggja sérfræðinga í Bretlandi. Skýrslunnar segir svo í þýðingu: „Einstök atriði eru borin saman, og heildarathugun sýndi, að enda þótt úr mjög takmörkuðu efni væri að vinna og úr ljósritum, en ekki frumritum, þá var hægt að láta í ljós skoðun á því, hver höfundur væri, og fer hún hér á eftir. Skoðun mín er sú, að enda þótt úr mjög takmörkuðu efni væri að vinna, hafi rithandarsýnishornið einnig verið skrifað af þeim, sem undirskrifaði nafnið Helga Torfason á sérstakt skjal.“

Í síðari skýrslunni segir svo í þýðingu: „Háður því, sem áður

greinir, hef ég gert nauðsynlegan samanburð, og að mínu viti eru allsterkar líkur fyrir því, að rithendurnar tvær séu hin venjulega rithönd sömu persónunnar.“

Eins og að framan greinir, er þungamiðja málsútlitunar sóknaraðilja sú, að hún hafi verið löglega feðruð samkvæmt gildandi löggjöf á sínum tíma og því beri sér arfur eftir föður sinn, Tryggva Siggeirsson, sbr. 1. gr. erfðalaga nr. 8/1962.

Fyrir gildistöku laga nr. 46/1921 um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna hafi gilt hér á landi um feðrun barna, fæddra utan hjónabands, ákvæði 13. kap. í 6. bók N. L. frá 15. apríl 1687, sbr. konungsbréf 2. maí 1732. Aðalákvæðið sé í N. L. 6-13-5, sem sé tengt næstu grein á undan, en þar segi svo í hinni íslensku útgáfu laganna:

„Sama er og ef maður leggst með annarri mey eða ekkju, sem áður hefur ekki fengið lauslætisorð. Ef hann þrætir fyrir að hafa gjört það og hún getur eigi sannað það upp á hann, þá skal bera það af sér með eiði.“

Eins og sjá megi, sé hér ekki gerð nein krafa um formsönnun. Þvert á móti felist í tilvitnuðu ákvæði, að barn skuli talið feðrað, ef lýstur barnsfaðir, vitandi um faðernislýsinguna, mótmælir henni ekki beinlínis. Ef hann hins vegar beri fram mótmæli, þá verði barnsmóðir að færa sönnur á sitt mál í barnsfaðernismáli, en bregðist henni það, þá skuli dæma hinum lýsta barnsföður synjunareið.

Sóknaraðili vísar til framlagðra gagna og vitnaskýrslna og telur lögfulla sönnun fram komna um það, að Tryggvi Siggeirsson hafi frá öndverðu vitað um, að hann var lýstur faðir hennar. Þessu hafi hann aldrei mótmælt á nokkurn hátt eða vísað á bug. Þvert á móti hafi hann beinlínis staðfest þetta, eins og fram komi í málgögnum.

Kveður sóknaraðili, að samkvæmt því, sem nú sé rakið, sé vafalaust, að henni beri erfðaréttur eftir Tryggva Siggeirsson, föður sinn, sbr. 1. tl. 1. gr. erfðalaga nr. 8/1962, en samkvæmt því sé nú það skilyrði fyrir erfðarétti óskilgetins barns eftir föður, að það sé feðrað með þeim hætti, sem segi í löggjöf um óskilgetin börn. Beri ótvírætt að túlka þetta þannig, að átt sé við löggjöf þá, er gildi, þegar barn var feðrað.

Varnaraðiljar vísa algerlega á bug staðhæfingum og túlkum sóknaraðilja varðandi gildandi réttarreglur um feðrun barna, fæddra utan hjónabands, á þeim tíma, sem hér um ræðir, þ. e. fyrir gildistöku laga nr. 46/1921 um afstöðu foreldra til óskil-

getinna barna. Telja þeir fráleitt, að lögmæt feðrun, sem hafa skyldi einhverja lögverkan, væri óformbundin með þeim hætti, sem hér sé fram haldið.

Þeir benda á, að hin tilvitnuðu ákvæði í N. L. 6-13-5 séu áframhald af næstu grein á undan og fjalli ákvæðin um rétt konu til að krefjast hjúskapar af manni, sem hefur lagst með henni. Í fyrri greininni sé gert ráð fyrir því, að verknaðurinn sé viðurkenndur eða sannaður, en þar sem yfirleitt sé örðugt um sönnun í slíkum málum, þá sé í síðari greininni sú sönnunarregla, að maður skuli teljast sekur, nema hann beri af sér með eiði. Þessi síðari grein hafi verið notuð í faðernismálum per analogiam. Lagagreinin hafi að vísu engar leiðbeiningar að geyma um, hvornig staðið skuli að slíkum málum. Þó sé þar gert ráð fyrir, að konan beri sök á manninn og á þann hátt, að hann geti viðurkennt eða borið af sér þannig, að sannanlegt sé. Neiti hann sökinni, þá synji hann fyrir með eiði. Sé ljóst, að slík eiðvinning geti ekki hafa farið fram nema fyrir dómi.

Varnaraðiljar vísa til þess, að samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum megi fullyrða, að Lilja Brandsdóttir, móðir sóknaraðilja, hafi aldrei skorað á Tryggva Siggeirsson að viðurkenna faðerni hennar í samræmi við gildandi lög á sínum tíma og því hafi honum ekki gefist kostur á eða tilefni til að synja fyrir faðernið með eiði. Verði því að álíta, að móðir sóknaraðilja hafi ekki treyst sér til að fara í barnsfaðernismál. Megi reyndar telja málsútlitun sóknaraðilja viðurkenningu þessa, þar sem leitast sé við að sanna með vitnaskýrslum, að það hafi verið almennt álitid og viðurkennt í fjölskyldu Tryggva, að sóknaraðili væri dóttir hans, en hins vegar játað, að það væri ekki sannanlegt, hvort Tryggvi hefði nokkurn tíma gengist við eða synjað fyrir faðernið. Verði því að telja sannað, að sóknaraðili hafi ekki verið formlega feðruð, hvorki í gildistíð N. L. 13-6-5 né síðar. Beri því að vísa á bug erfða-tilkalli hennar.

Forsendur og niðurstaða.

Með erfðalögum nr. 8/1962 öðluðust öll óskilgetin börn óskoradán erfðarétt eftir föður og föðurfrændur og gagnkvæmt, enda væri barn feðrað samkvæmt fyrir mælum í löggjöf um óskilgetin börn, sbr. 1. tl. 1. gr. erfðalaganna.

Fallast má á þá skoðun sóknaraðilja, sem reyndar er ekki sérstaklega mótmælt, að í tilvitnaðri lagagrein sé átt við þess konar löggjöf á hverjum tíma, þ. e. þegar feðrun fer fram. Er því hér til úrlausnar, hvort lögmæt feðrun sóknaraðilja hafi verið gerð

eftir reglum þeim, er giltu í tíð N. L. 13-6-5, þar sem ekki er fram komið né staðhæft, að feðrun hafi farið fram eftir yngri löggjöf.

Af ýmsum gögnum verður ráðið, t. d. Hrd. I, bls. 46, að skilyrði fyrir lögmati feðrun óskilgetins barns eftir reglum N. L. 13-6-5 væri skýlaus játning barnsföður eða dómur. Verður því ekki talið, eins og sóknaraðili heldur fram, að feðrun, sem eitthvert gildi og áhrif hefði að lögum í tíð nefndra réttarreglna, gæti farið fram á þann hátt, sem hér um ræðir. Getur engu hér um breytt, þótt telja verði sannað, að sóknaraðili hafi almennt af kunnugum, og þ. á m. af fjölskyldu Tryggva Siggeirssonar, verið talin dóttir hans og leiddar hafi verið að því yfirgnæfandi líkur, að Tryggva hljóti að hafa verið um þetta kunnugt. Það er ekki sannað, að Tryggvi Siggeirsson hafi nokkurn tíma gengist við faðerni sóknaraðilja, hvorki beint né óbeint, t. d. með greiðslu meðlags, enda ekkert fram komið um, að kröfum í þá átt hafi nokkurn tíma formlega og opinberlega verið að honum beint.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verður ekki talið, að faðerni sóknaraðilja hafi verið staðreynt með þeim hætti, sem átt er við í 1. tl. 1. gr. erfðalaganna nr. 8/1962. Er því ekki unnt að játa henni erfðarétti eftir Tryggva Siggeirsson, og ber því að hafna öllum dómkröfum hennar.

Með tilvísun til 178. gr. laga nr. 85/1936 þykir eftir atvikum rétt, að málskostnaður falli niður.

Ólafur St. Sigurðsson setuskiptaráðandi kvað upp úrskurð þennan.

#### Ályktunarorð:

Krafa sóknaraðilja, Aðalheiðar Tryggvadóttur, um, að dánar-  
 bú hjónanna Tryggva Siggeirssonar og Láru Guðlaugsdóttur  
 verði tekið til opinberra skipta og að viðurkenndur verði  
 erfðaréttur hennar eftir Tryggva Siggeirsson, er ekki tekin  
 til greina.

Málskostnaður falli niður.

---